



Verðbólga yfir markmiði í fyrsta sinn í 4 ár

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,56% milli febrúar og mars og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,8% í samanburði við 2,3% í febrúar. Þetta er í fyrsta sinn síðan í janúar 2014 sem verðbólga mælist yfir verðbólgu markmiði.



Óhætt er að segja að tilkynning morgunsins hafi komið ögn á óvart, en opinberar spár lágu á bilinu +0,4% til 0,45%. Við höfðum spáð +0,4%.

Stóra fréttin að þessu sinni er að verðbólga mælist nú yfir verðbólgu markmiði í fyrsta sinn í rúm 4 ár, en síðast gerðist það í janúar 2014.

Sá liður sem kom langmest á óvart var reiknuð húsaleiga sem hækkaði um 1,4% milli mánaða (+0,29 prósentustiga áhrif). Þetta er rúmlega tvisvar sinnum meiri hækkun en við höfðum spáð. Munur á spá okkar um heildarbreytingu vísitölunnar og mæling Hagstofunnar skýrist nær eingöngu af þessum lið.


	Áhrif á VNV		
	Vægi í VNV	Mæling Hagstofu	Spá okkar
Reiknuð húsaleiga	20,4%	0,29%	0,12%
Föt og skór	3,3%	0,15%	0,20%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	0,04%	-0,01%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	0,03%	0,06%
Heilsa	3,9%	0,03%	0,02%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,02%	0,00%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	0,01%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,01%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,01%	0,00%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Bensín	1,9%	0,00%	0,00%
Kaup ökutækja	7,0%	0,00%	-0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,00%	0,02%
Tómst. og menning	9,7%	-0,01%	0,01%
Póstur og sími	2,2%	-0,01%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,3%	-0,01%	0,00%
Alls	100,0%	0,56%	0,41%

Mánaðarbreyting VNV í mars



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Niðurbrot á breytingu milli mánaða



Heimild: Hagstofa Íslands




Framlag húsnæðis jókst lítillega

Framlag húsnæðis til hækkunar á tólf mánaða verðbólgu jókst lítillega, en framlag þess hefur farið nokkuð jafnt minnkandi síðan síðasta sumar. Framlag innfluttra vara til lækkunar á tólf mánaða verðbólgu hélt hins vegar áfram að minnka, en eins og með húsnæði hefur framlag þess farið minnkandi jafnt og þétt síðan síðasta sumar.

Mestu áhrif til breytinga á VNV milli mánaða


- Síðustu mánuði hefur okkur og öðrum greinendum gengið óvenju illa að átta sig á mælingum Hagstofunnar á **reiknaðri húsaleigu**. Við förum alltaf þá leið að horfa á breytingar í verðsjá fasteigna á vef Þjóðskrár. Þær breytingar hafa endurspeglað illa verðmælingaraðferðarfræði Hagstofunnar. Eins og kom fram hér að ofan þá var það reiknuð húsaleiga sem kom langmest á óvart að þessu sinni. Alls hækkaði liðurinn um 1,4% milli mánaða (+0,29 prósentustiga áhrif) en við höfðum spáð 0,6% hækkun milli mánaða. Þar af hækkaði fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um 1,1%, einbýli á höfuðborgarsvæðinu um 3,2% og húsnæði á landsbyggðinni um heil 3,2%.
- Alla jafna hækka **föt og skór** milli mánaða í mars þegar vetrarútsölunum lýkur. Hækkun þessa liðar milli mánaða núna var í samræmi við reynslu síðustu ára.

Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Innflutt og innlend verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.